

**Sþ.**

**200. Tillaga til þingsályktunar**

[125. mál]

um fæðingarorlof bændakvenna.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Ragnhildur Helgadóttir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta kanna möguleika á því, að Lífeyrissjóður bænda greiði bændakonum allt að þriggja mánaða fæðingarorlof við barnsfæðingu. Skal í því skyni leitað samráðs við Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og Lífeyrissjóð bænda. Álit og niðurstöður frá þessum aðilum skulu liggja fyrir, áður en Alþingi kemur saman haustið 1976.

**Greinargerð.**

Hinn 16. maí s.l. voru samþykkt á Alþingi lög um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysistryggingar. Lagabreyting þessi fól það í sér, að þær konur innan Alþýðusambands Íslands, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóti atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals. Var kveðið svo á, að lög þessi skyldu taka gildi 1. jan. 1976. Í ákvæði til bráðabirgða var svo fyrir lagt, að ríkisstjórnin skyldi fyrir þann tíma láta kanna á hvern hátt megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni. Flutningsmönnum er kunnugt um, að sú könnun hefur enn ekki borið þann árangur, sem til var ætlast, og því eðlilegt að bent sé á hugsanlegar leiðir til að málið nái fram að ganga.

Til Lífeyrissjóðs bænda var stofnað árið 1970 með sérstakri löggjöf. Tekjur sjóðsins eru iðgjöld bænda, sem eru sjóðfélagar, og eru innheimtar af búvöruverði sem ákveðinn hundraðshluti þess. Á móti iðgjöldum sjóðfélaga kemur og sérstakt gjald, sem lagt er á allar búvörur og nemur ákveðnum hundraðshluta ár hvert þannig, að hann samsvari 6% framlagi af reiknuðum heildarlaunum allra bænda, er þeim ber að greiða iðgjald af samkvæmt lögnum. Sjóðfélagar eiga rétt á greiðslu ellilífeyris við 67 ára aldur samkvæmt ákveðnum reglum, svo og örorkubótum, ef til kemur orkutap til langframa eftir læknimati.

Þá er og ákvæði í lögnum um, að Stofnlánadeild landbúnaðarins eigi rétt á lánunum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans. Sjóðsstjórn er einnig heimilt að veita lán til íbúðabygginga fyrir sjóðfélaga gegn veðrétti í fasteigninni og enn fremur, í samráði við Stofnlánadeild landbúnaðarins, til vinnslustöðva landbúnaðarins, gróðurhúsa og fleiri stofnana, er starfa á vegum sjóðfélaga.

Allt eru þetta þörf og verðug verkefni, sem sist er ástæða til að gera lítið úr. En það er álit flutningsmanna, að konur til sveita, er fæða bændum sínum börn og taka jafnframt virkan þátt í framleiðslu búsins, væru ekki síður vel komnar að stuðningi frá sjóðnum í sambandi við barnsburð, sem óhjákvæmilega og eðlilega leggur á þær mikið aukaerfiði og útgjöld.

Nú er það vitað mál, að enda þótt sú ákvörðun yrði tekin, í anda þessarar tillögu, að bændakonur yrðu í framtíðinni aðnjótandi fæðingarorlofs úr lífeyrissjóði sínum, þá yrði enn allstór hópur kvenna, heimavinnandi húsmæðra, afskiptur í þessu tilliti. Ber að sjálfsgöðu að vinna áfram að því, að allar íslenskar konur sitji hér við sama borð. Væri eðlilegt, að við þá endurskoðun lífeyrissjóðakerfis landsmanna, er nú stendur yfir, væri þetta mál tekið til sérstakrar skoðunar.

Flutningsmönnum þykir eðlilegt, að ákvörðun í þessu máli, er í tillögunni felst, verði tekin í samráði við samtök bænda og forráðamenn lífeyrissjóðs þeirra. Lengd fæðingarorlofs, upphæð og tilhögun orlofsgreiðslna eru þar meginatriði, sem at-  
hugunar þurfa við.